

## SKEIÐALAUG, SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPI

### FUNDARGERÐ

VERKNÚMER:	18326-001	DAGS.:	12.8.2019
VERKHLUTI:	-	NR.:	
FUNDARSTAÐUR:	Verkís Reykjavík		
FUNDARMENN:	FYRIRTÆKI / STAÐA:	NETFANG:	SÍMI:
Ari Guðmundsson	Verkís	arg@verkis.is	
Jes Einar Þorsteinsson	Arkitekt	jeseinar@simnet.is	

AFRIT SENT: Fundarmenn, Skeiða- og Gnúpverjahreppur

### Dagskrá

#### Almennt

Fundur haldinn með arkitekt til að fara yfir fyrirhugaðar viðhaldsaðgerðir vegna steypuskemmda við Skeiðalaug.

#### Staða undirbúnings

Gerðar hafa verið skoðanir af Verkís á staðnum ásamt því að teknir voru borkjarnar og sendir Nýsköpunarmiðstöð Íslands til athugunar á alkalívirkni.

Niðurstöður NMÍ hafa borist og benda þær til merkis um alkalívirkni í fylliefnum.

Klæðning væri eðlileg ráðlegging til verkkaupa. En þar sem arkitekt er mótfallinn klæðningu (utan múrklæðningar) hafa verið skoðuð sértæk viðgerðarefni, s.s. frá STO, XYPEX og Mapei. Fyrirhugað er að gera tilraunir með viðgerð lítilla flata nú í lok sumars.

#### Breytingar

Farið var yfir þær breytingar sem til skoðunar hafa verið:

- Ekki er heimilt að fjarlægja sívalan turn (stigahús) aftan við áhorfendapalla
- Turn má hinsvegar klæða t.d. með ál-litaðri áklæðningu sbr. sundlaug Borgarnesi. Klæða má yfir hurð að ofanverðu við áhorfendapalla; aðgengi yrði þá aðeins frá innanverðri neðri hæð. Mynda mætti lóðrétta rauf í klæðningu í stað lóðréttrar glersteinsraðar á suðurhlið.
- Ekki er heimilt að nota klæðningu á sundlaugarhús, nema ef múrklæðning yrði notuð.
- Heimilt er að sleppa raufum s.s. á móts við þakplötu húss, í stoðveggjum við áhorfendapalla. Múra má yfir raufar og hafa fleti slétta.
- Áður var búið að heimila að sléttþússa veggi (borðaklæðning yrði ekki sýnileg)
- Arkitekt óskar eftir að skilti á vesturgafli verði tekið niður og minna skilti sett stakstætt norðan við húsið og sorptunnum komið fyrir bakvið stakstætt skilti.
- Áður hefur verið rætt um að fjarlægja hvítar hurðir og glugga úr plasti, og koma fyrir hurð og glugga úr við í samræmi við húsið.



## **Framhald**

Fyrirhugað er að opna eitthvað af stoðveggjum til að auka útsýni úr sundlaugargarði. Fyrirhugað er að gera tillögur í því efni og bera undir arkitekt til staðfestingar eða til frekari tillögugerðar. Fyrirhugað er að hittast eftir u.þ.b. mánuð vegna þessa.

Fundi slitið.

Ritað/ArG